

UMSÖGN

um athugasemdir í kjölfar grenndarkynningar vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi vegna Suðurnesjalínu 2

Dags. 22.05.2015

Til: Skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar

Höf.: Landslög, Ívar Pálsson hrl. og Erla Guðrún Ingimundardóttir lögfræðingur.

Umsögn þessi er unnin að beiðni Hafnarfjarðarbæjar vegna umsóknar Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi vegna Suðurnesjalínu 2.

1. Málsvik og grenndarkynning

Umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi vegna lagningar Suðurnesjalínu 2 var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Var frestur til að koma að skriflegum athugasemdum/ábendingum vegna málsins veittur til 5. apríl 2015.

2. Athugasemdir sem bárust í kjölfar grenndarkynningar og óskað var umsagnar Landslaga um

2.1 Yfirlit yfir athugasemdir sem óskað var umsagnar Landslaga um

- A. Athugasemdir Lex lögmannsstofu f.h. eigenda jarðanna Landakots, Hvassahrauns, Stóru Vatnsleysu, hluta af Minni Vatnsleysu, hluta af Heiðarlandi Vogajarða og hluta af Stóra-Knarranesi.
- B. Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands, dags. 4. apríl 2015.
- C. Hörður Einarsson hrl. f.h. Reykjavrents, dags. 5. apríl 2015.

2.2 Umsögn um athugasemdir

A. Athugasemdir Lex lögmannsstofu f.h. eigenda jarðanna Landakots, Hvassahrauns, Stóru Vatnsleysu, Minni Vatnsleysu, hluta af Heiðarlandi Vogajarða og hluta af Stóra Knarranesi

1. Ekki lagaskilyrði til að veita Landsneti framkvæmdaleyfi í kjölfar grenndarkynningar

Byggt er á því að ekki séu lagaskilyrði til að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli grenndarkynningar. Meginreglan sé sú að framkvæmdaleyfi skuli gefið út á grundvelli deiliskipulags. Skilyrðum 1. mgr. 8. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi sé ekki fullnægt, en ákvæðið er svo hljóðandi:

„Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi án þess að deiliskipulag liggi fyrir og framkvæmdin er í þegar byggðu hverfi í þéttbýli eða í byggðakjarna utan þéttbýlis, í samræmi við meginforsendur í aðalskipulagi svo sem landnotkun, byggðamynstur og er ekki líkleg til að valda verulegum umhverfisáhrifum, skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 áður en ákvörðun um veitingu leyfis er tekin.“

Aðilarnir telja að hvorki sé fullnægt því skilyrði að framkvæmdin sé í samræmi við meginforsendur í aðalskipulagi né að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum umhverfisáhrifum.

Hvað varðar fyrra skilyrðið telja viðkomandi aðilar að lagning loftlínu samræmist illa meginforsendum gildandi aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 um umverfismál og náttúruvernd.

Þá telja aðilarnir að ekki sé uppfyllt það skilyrði að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum umhverfislegum áhrifum. Til stuðnings því benda þeir á álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Suðurnesjalínu 2 þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að áhrif framkvæmdanna í heild sinni verði óhjákvæmilega verulega neikvæð með tilliti til sjónrænna áhrifa og áhrifa á landslag. Benda þeir á að Skipulagsstofnun hafi einnig komist að þeirri niðurstöðu að þegar litið væri til heildaráhrifa fyrirhugaðra framkvæmda á jarðmyndanir og gróður verði áhrifin talsvert neikvæð þar sem nútímahraun munu raskast á óafturkræfan hátt. Þá sé það niðurstaða Skipulagsstofnunar að heildaráhrif á fuglalíf verði nokkuð neikvæð vegna lagningar Suðvesturlína.

Með vísan til þessa telja viðkomandi aðilar að ekki séu uppfyllt skilyrði 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 772/2012, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, til þess að veita framkvæmdaleyfi í kjölfar grenndarkynningar. Þar sem deiliskipulag liggi ekki fyrir telja aðilarnir ólöglegt að verða við beiðni Landsnets um framkvæmdaleyfi að svo stöddu.

Þessu til viðbótar benda aðilarnir á ákvæði tilskipunar 2011/92/ESB, þar sem mælt sé fyrir um þau atriði sem gæta beri að við meðferð á umsókn um framkvæmdaleyfi. Tilskipunin sé hluti af EES-samningnum og að skýra verði íslenska löggjöf um mat á umhverfisáhrifum með hliðsjón af ákvæðum tilskipunarinnar. Sú skylda hvíli m.a. á stjórnvöldum að gæta að skyldum Íslands samkvæmt tilskipuninni.

Umsögn

Fyrirhuguð línuframkvæmd eru í meginatriðum í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025. Fjallað er um framkvæmdirnar í aðalskipulaginu. Tekið er fram að umhverfisskýrsla aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025 sé áfram fylgirit endurskodaðs aðalskipulags. Í umhverfisskýrslu aðalskipulags Hafnarfjarðar frá 16. október 2009 – breyting vegna „Suðvesturlína, styrkingu raforkuflutnings á Suðvesturlandi“ er gerð ítarleg grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og áhrifum þeirra á umhverfið. Líta verður svo á að sú skýrsla sé hluti hinnar. Í ljósi þess að tengivirki hefur ekki verið reist í Hrauntungum þarf að tengja línuna við spennivirkið í Hamranesi. Megin ástæða grenndarkynningarinnar mun hafa verið sú að gert var ráð fyrir að sú bráðabirgðatenging yrði í loftlínunum. Landsnet hefur nú ákveðið að leggja ekki bráðabirgðaloftlínu að Hamranesi heldur mun Suðurnesjalína 2 tengjast Hamranesi í jarðstreng frá Hraunhelli sem síðar mun tengja saman Hamranes og Hrauntungur. Í þéttbýli innan Hafnarfjarðarbæjar verður línan því lögð í jarðstreng, innan línustæðis skv. aðalskipulagi, sem mun minnka verulega sjónræn áhrif framkvæmdarinnar innan þéttbýlisins og önnur grenndaráhrif frá línunni s.s. suð. Sú breyting samræmist meginforsendum gildandi aðalskipulags um umhverfismál og náttúruvernd. Ekki er hægt að taka undir að framkvæmdin stangist á við meginmarkið aðalskipulagsins enda er beinlínis gert ráð fyrir línunni í skipulaginu.

Almennt er ekki þörf á að grenndarkynna framkvæmdina þar sem hún er í samræmi við aðalskipulag og liggur utan þéttbýlisins. Grenndarkynningin er eingöngu gerð vegna þess hluta línunnar sem liggur um þéttbýlissvæði í Hafnarfirði til að gefa hagsmunaaðilum þar tækifæri á að tjá sig um umsóknina á því svæði. Að stærstum hluta er um að ræða svæði sem skipulagt er fyrir atvinnustarfsemi en hluti línunnar, sem er liggur austan Ásbrautar, liggur þó sunnan við íbúðarhverfið á Völlum.

Um grenndarkynningu er fjallað í 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

„Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Að auki skal sveitarstjórn leita umsagna viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis. [Um grenndarkynningu fer skv. 44. gr. með þeim undantekningum sem þar eru tilgreindar. Heimilt er að falla frá grenndarkynningu ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulagi.]¹⁾“

Það er skýrt að heimilt er að grenndarkynna framkvæmdaleyfi sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun. Þar sem um er að ræða línumannvirki er ekki horft til byggðamynsturs eða þéttleika byggðar. Línan liggur um svæði sem er á milli hverfa og er sérstaklega skipulagt skv. aðalskipulagi sem svæði fyrir línur bæði loftlínur og jarðstrengi. Svæðið er ekki deiliskipulagt þó deiliskipulag sé af þeim svæðum sem liggja að línustæðinu innan þéttbýlisins og gert er ráð fyrir byggð á. Taka þessi skipulög mið af því að á svæðinu muni standa og liggja háspennulínur. Um grenndarkynninguna sjálfa skal þá fara skv. ákvæðum 44. gr. skipulagslaga.

Í 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga segir:

[Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi getur skipulagsnefnd ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar, enda fari áður fram grenndarkynning.]1)

Sú takmörkun á heimild til grenndarkynningar, sem aðilarnir vísa til og fram kemur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 772/2012, þ.e. að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum umhverfisáhrifum, á eingöngu við um þann framkvæmdarinnar sem er í „þegar byggðu hverfi í þéttbýli“ enda er það eini hluti framkvæmdarinnar sem er grenndarkynntur. Það á ekki við um stærstan hluta þeirra framkvæmda sem framkvæmdaleyfið snýr að. Að því er varðar þann hluta framkvæmdanna sem er innan byggðar þá kemur fram í umhverfisskýrslu aðalskipulags – breyting vegna „Suðvesturlína, styrkingu raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi“ að samkvæmt niðurstöðum umhverfismatsins séu framkvæmdirnar innan byggðar taldar hafa talsvert jákvæð áhrif á landslag og sjónræna þætti en óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti (sjá m.a. bls. 25 í umhverfisskýrslunni). Til viðbótar framangreindu hefur Landsnet nú ákveðið að leggja þann hluta línunnar í jörðu eins og rakið var. Grenndaráhrif hennar verða því enginn innan byggðarinnar þ.e. þess svæðis sem grenndarkynningin snéri að. Auk framangreinds verður ekki séð að gerð deiliskipulags af framkvæmdasvæðinu myndi bæta neinu við um stýringu á framkvæmdinni eða skipulag svæðisins eða svæðanna í kring umfram það sem kemur fram í aðalskipulaginu. Deiliskipulag af svæðinu er því tilgangslaust eða tilgangslítið.

Að því er varðar tilskipun 2011/92/ESB og möguleika almennings á að taka þátt í umræddri ákvörðun hefur umrædd framkvæmd gengið í gegnum ítarlegt ferli skv. ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, nr. 106 frá 2000, þar sem hagsmunadilum og almenningi hefur gefist tækifæri á að koma að umhverfismati framkvæmdarinnar. Í ljósi þess að ekki hefur verið talin þörf á að vinna deiliskipulag fyrir framkvæmdina hefur hún eingöngu verið grenndarkynnt fyrir þeim sem eiga beinna hagsmuna að gæta. Gögnin hafa verið aðgengileg á heimasíðunni sudvesturlinur.is auk þess sem Hafnarfjarðarbær hefur tekið við athugasemdum allra þeirra sem sent hafa inn athugasemdir vegna málsins. Í ljósi framangreinds verður ekki fallist á að brotið hafi verið gegn ákvæðum Árórsarsamningsins um aðgang að upplýsingum eða þátttöku í umhverfismálum.

2. Byggt á því að ekki sé unnt að veita framkvæmdaleyfi vegna óvissu um lögmæti framkvæmdarinnar

Viðkomandi aðilar byggja á því að ekki sé unnt að verða við beiðni Landsnets um framkvæmdaleyfi í ljósi þess að verulegur vafi leikur á um lögmæti framkvæmdarinnar. Þannig sé bedið úrlausna dómstóla og stjórnvalda um það hvort framkvæmdin standist

lög og geti því ekki staðist að veita heimild til framkvæmdar á meðan svo sé, enda kunni slíkt að leiða til óafturkræfs tjóns fyrir aðilanna. Aðilarnir benda á að þau kær- og dómsmál sem nú séu til meðferðar séu eftirfarandi:

1. Aðilarnir hafa kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ákvörðun Skipulagsstofnunar um að hafna að endurskoða matsskýrslu vegna Suðurnesjalínu 2 og að endurskoða álit stofnunarinnar á matsskýrslunni.
2. Aðilarnir hafa höfðað dómsmál um lögmæti ákvarðana atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 24. febrúar 2014 um heimild til eignarnáms á landi þeirra. Ekki liggja því fyrir endanleg afstaða dómstóla til þess hvort uppfyllt séu skilyrði til eignarnáms.
3. Aðilarnir höfðuðu dómsmál um lögmæti ákvörðunar Orkustofnunar frá 5. desember 2013 um að veita Landsneti leyfi til að reisa og reka Suðurnesjalínu 2. Héraðsdómur vísaði málinu frá dómi, en Hæstiréttur sneri þeirri niðurstöðu við með dómi dags. 20. janúar 2015 í máli nr. 808/2014 og lagði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.
4. Aðilarnir höfðuðu mál á hendur íslenska ríkinu og Landsneti til ógildingar á úrskurðum matsnefndar eignarnámsbóta frá 29. júlí sl.
5. Aðilarnir hafa kært ákvörðun Reykjanesbæjar um veitingu framkvæmdaleyfis vegna Suðurnesjalínu 2 til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Aðilarnir telja því að bíða beri niðurstöðu framangreindra mála áður en ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis er tekin.

Umsögn

Þau dóms- og kærsmål sem rakin eru í greindri athugasemd leiða ekki til frestunar réttaráhrifa þeirra ákvarðana/leyfa sem þar um ræðir, sbr. meginreglu 2. máls. 60. gr. stjórnarskrárinnar og 29. gr. stjórnarsýslulaga. Alla jafna þarf sérstaka heimild í lögum ef kærur eða málshöfðun eiga að fresta framkvæmd ákvörðunar. Sveitarfélaginu ber því að byggja á umræddum leyfum. Auk framangreinds varða umrædd ágreiningsmál framkvæmdir í öðrum sveitarfélögum en Hafnarfirði.

3. Byggt á því að verulegir annmarkar séu á umhverfismati og því sé ekki unnt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli þess

Aðilarnir byggja á því að við skoðun á umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi sé sveitastjórn m.a. skylt að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, sbr. 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem og 1. og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Það hvíli því sjálfstæð skylda á sveitarstjórn að rannsaka og taka afstöðu til matsskýrslu vegna Suðurnesjalínu 2 og álits Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Aðilarnir telja verulega ágalla á fyrirliggjandi umhverfismati vegna framkvæmdarinnar. Í ljósi þeirrar sjálfstæðu skyldu sem hvílir á Hafnarfjarðarbæ til að

meta hvort fyrirbyggjandi umhverfismat sé fullnægjandi grundvöllur framkvæmdaleyfis leggja aðilarnir áherslu á að Hafnarfjarðarbæ sé skylt að skoða eftirfarandi athugasemdir og meta sjálfstætt hvort umhverfismatið geti talist fullnægjandi grundvöllur fyrir framkvæmdaleyfi framkvæmdarinnar.

3. 1 Byggt á því að umhverfismat áætlana hafi ekki farið fram

Aðilarnir byggja á því að hvorki kerfisáætlun Landsnets 2012-2016 né áform um Suðvesturlínur hafi sætt umhverfismati áætlana samkvæmt lögum nr. 105/2006. Hvað varðar kerfisáætlun Landsnets byggja aðilarnir á því að með úrskurði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hinn 21. maí 2013 í máli nr. 1210081 hafi verið úr því skorið, að kerfisáætlun Landsnets félli undir gildissvið laganna um umhverfismat áætlana.

Lögin geri ráð fyrir því að áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið séu metin áður en þær séu afgreiddar og framkvæmdar. Hafi slíkt mat ekki farið fram séu ekki forsendur til að samþykkja umsókn um framkvæmdaleyfi. Minnt er á að sveitarfélagið beri sérstakar skyldur vegna leyfa fyrir matsskyldum framkvæmdum og að rannsóknarskyldan sé rík þegar veiting framkvæmdaleyfis komi til álita, sbr. til hliðsjónar 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tekið er fram að ljóst sé að áform um Suðvesturlínur hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og því hafi verið skylt að framkvæma umhverfismat vegna áætlunarinnar í samræmi við lög nr. 105/2006. Umhverfismat vegna framkvæmdarinnar Suðurnesjalínu 2 geti ekki komið í stað umhverfismats fyrir áætlunina.

Umsögn

Samkvæmt 3. gr. laga um umhverfismat áætlana gilda ákvæði laganna um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana er tekið fram að ákvæði laganna eigi við um alla áætlanagerð sem háð sé umhverfismati. Þannig beri að umhverfismata skipulagsáætlanir sveitarfélaga, þ.e. deiliskipulags-, aðalskipulags- og svæðisskipulagstillögur, og ýmsar aðrar áætlanir opinberra aðila sem varða landnotkun, svo sem samgönguáætlun og skógræktar- og landgræðsluáætlanir.

Gildandi aðalskipulag Hafnarfjarðar frá 2013-2025 er í raun endurskoðað aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025, en ekki þótti þörf á að vinna nýtt aðalskipulag frá grunni, heldur færa ýmsa þætti þess að breyttum aðstæðum. Ný umhverfisskýrsla var unnin fyrir þær breytingar sem leiddu af endurskoðuninni í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Að öðru leyti gilda þær umhverfisskýrslur sem unnar hafa verið vegna aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025 og breytinga á því. Sú breyting sem gerð var á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2009 vegna Suðvesturlína sætti umhverfismati samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana. Umhverfisskýrsla var unnin vegna breytinganna á aðalskipulaginu 2009, í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Í umhverfisskýrslunni er ítarlega gert grein fyrir áhrifum línuframkvæmdanna á

umhverfið. Að því er varðar Hafnarfjarðarbæ hafa áformin um Suðvesturlínur því sætt umhverfismati áætlana samkvæmt lögum nr. 105/2006.

Rétt er að hvorki áformin um suðvesturlínur né kerfisáætlun Landsnets 2012-2016 sætti umhverfismati áætlana samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Undirritaður fær var séð að áætlun um suðvesturlínur hafi átt að fara í sérstakt umhverfismat áætlana enda fór fram umhverfismat framkvæmda á suðvesturlínunum sem er mun umfangsmeira og ítarlegra en umhverfismat áætlana. Þá hefur kerfisáætlun Landsnets 2014-2023 verið sett í umhverfismat áætlana í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana. Í umhverfisskýrslu kerfisáætlunarinnar er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum Suðurnesjalínu 2.

Þá skal einnig bent á að á bls. 26 í álitni Skipulagsstofunnar um mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlína kemur fram að stofnunin telji að matsskýrsla Landsnets hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er um í 18. gr. reglugerðar nr. 1123/2005.

3. 2 Byggt á því að umfjöllun um mögulega valkosti sé verulega ábótavant

Aðilarnir byggja á því að umfjöllun í matsskýrslu um aðra mögulega valkosti við framkvæmdina sé um margt ábótavant. Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sé skylt að gera grein fyrir öllum valkostum og bera þá saman. Þannig segi í 2. mgr. 9. gr. laganna að í skýrslunni skuli ávallt gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman.

Benda aðilarnir á að Hæstiréttur hafi lagt skyldu á framkvæmdaraðila að meta mögulega framkvæmdakosti, sbr. dóm frá 14. mars 2008 í máli nr. 114/2008. Í forsendum Hæstaréttar var tekið fram að matsáætlun verði að uppfylla „það skilyrði að litið hafi verið til framkvæmdakosta sem til greina koma þannig að upplýst val á besta kosti á vegarleið, á grundvelli málefnalegra sjónarmiða, geti farið fram þegar matsskýrsla liggur endanlega fyrir“.

Telja aðilarnir að í matsskýrslu sé ekki að finna raunhæfa lýsingu á mögulegum framkvæmdakostum og ætluðum umhverfisáhrifum þeirra að því er varðar Suðurnesjalínu 2 og Suðvesturlínur sérstaklega. Bent er á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 26. mars 2009 um tillögu Landsnets að matsáætlun hafi verið gerðar athugasemdir við tillöguna að því er varðar lagningu jarðstrengs sem framkvæmdakosts, en í ákvörðuninni segir meðal annars „Skipulagsstofnun vill leggja áherslu á að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram samanburður á áhrifum af lagningu háspennulínu sem loftlínu eða sem jarðstrengs á hina mismunandi umhverfisþætti, auk fyrirætlana Landsnets um samanburð hvað varðar kostnaðar- og rekstrarþætti.“ Byggja aðilarnir á því að augljóst sé að Skipulagsstofnun ætlaðist til þess að Landsnet tryggði að jarðstrengur yrði metinn sem kostur við framkvæmdina. Þess sjái hins vegar hvergi stað í frummatsskýrslu Landsnets frá 6. maí 2009 eða matsskýrslu frá 10. ágúst 2009 að framkvæmdaraðilinn hafi virt þessi tilmæli.

Staðreyndin sé því sú að í matsskýrslu sé ekki talað um lagningu Suðurnesjalínu 2 í jörðu sem framkvæmdakost – sá kostur hafi því ekki verið metinn og ekki umhverfisáhrif hans.

Umsögn

Í 2. mgr. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sem aðilarnir vísa til, kemur fram að í frummatsskýrslu skuli ávallt gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman. Í frummatsskýrslu Landsnets frá 6. maí 2009 er í kafla 2.2 fjallað um línuleiðir og valkosti. Á blaðsíðum 8-14 er að finna samanburð á loftlínum og jarðstrengjum að því er varðar kostnað, rekstrarþætti, landslag og ásýnd, gróður, jarðmyndanir, ferðapjónustu og útivist, raf- og segulsvið o.fl. Ekki verður því séð að farið hafi verið gegn framangreindu ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Til viðbótar er áréttað að hvað varðar þann hluta framkvæmdarinnar sem grenndarkynningin snýr að hefur Landsnet ákveðið að leggja þann hluta línunnar í jörðu.

3.3 Byggt á því að um sé að ræða annmarka á umfjöllun um jarðstrengi í matsskýrslu

Aðilarnir byggja á því að sú stutta og almenna umfjöllun sem sé um jarðstrengi í matsskýrslu sé villandi og gefi ekki rétta mynd af þeim kosti. Þá sé ekki gerð tilraun til að skoða jarðstrengskostinn sérstaklega vegna framkvæmdarinnar. Þannig segi í kafla 2.23 í matsskýrslunni að samanburður á kostnaði á lagningu jarðstrengs sé háður aðstæðum hverju sinni, en samanburðartölur frá Evrópu bendi til þess að kostnaður við lagningu jarðstrengs sé þrisvar til 25-falt meiri en við lagningu loftlínu. Þá fylgi umfjölluninni stöplarit sem sýni samanburð á stofnkostnaði við loftlínu og jarðstrengi við meðalaðstæður. Engar skýringar fylgi á því hvað séu meðalaðstæður og því ekki unnt að skilja stöplaritíð. Einnig er gerð athugasemd við að í matsskýrslunni segi að við mat á kostnaði við lagningu loftlína og jarðstrengja þurfi að hafa í huga að endingartími jarðstrengja sé mun styttri en loftlína. Byggja aðilar á því að í umfjöllun um samanburð á rekstrarþáttum sé lítið gert úr lágri bilanatíðni jarðstrengja en mikið gert úr viðgerðartíma jarðstrengja. Finna megi lauslegan samanburð á umhverfisáhrifum loftlína og jarðstrengja, en skautað sé yfir marga af helstu kostum jarðstrengja. Aftur á móti sé óhóflega mikið gert úr meintum ókostum jarðstrengja.

Telja aðilar því umfjöllunina ófullnægjandi og misvísandi, eða beinlínis ranga. Vilja þeir því koma á framfæri eftirfarandi leiðréttingum á rangfærslum í matsskýrslu:

Kostnaður við jarðstrengslögn

Aðilar byggja á því að ef bera eigi saman kostnað við lagningu jarðstrengs og loftlínu sé nauðsynlegt að skoða og meta kostnað í hverju tilviki fyrir sig. Benda aðilarnir á að Landsnet veki sjálfst athygli á þessu í matsskýrslu á bls. 12 þar sem segir að ef „bera á saman kostnað við jarðstrengi og loftlínu af einhverri nákvæmni þá er nauðsynlegt að gera það á grundvelli hvers verkefnis fyrir sig þar sem aðstæður geta verið mjög mismunandi“. Þrátt fyrir það sé enginn samanburður í málinu á kostnaði við lagningu Suðurnesjalínu 2 í jörðu og í lofti, hvorki í matsskýrslu né öðrum gögnum.

Í umfjöllun um kostnað við jarðstrengslögn sé auk þess vísað til stofnkostnaðar í stað líftímakostnaðar, en ljóst sé að samanburður á líftímakostnaði yrði jarðstrengjum mun hagstæðari. Í skýrslu nefndar um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð, sem lögð var fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi, sé til að mynda lögð áhersla á að ekki sé nægilegt að taka einungis tillit til mismunandi stofnkostnaðar við samanburð á jarðstreng og loftlínu, heldur verði að meta allan kostnað, þar með talinn rekstrarkostnað eða s.k. líftímakostnað. Byggja aðilarnir á því að í matskýrslu sé einungis að finna almennan og órökstuddan samanburð á stofnkostnaði jarðstrengja og loftlína og slíkt gefi ranga og villandi mynd af raunverulegum kostnaðarsamanburði.

Aðilarnir benda á niðurstöður óháðrar úttektar Metsco Energy Solutions um samanburð á lagningu loftlína og jarðstrengja á Íslandi vegna áætlana um uppbyggingu á flutningskerfi raforku. Vekja þeir athygli á að í skýrslunni segi að tækninýjungar og lækkandi verðlag í framleiðslu jarðstrengja og búnaði þeim tengdum hafi gert notkun jarðstrengja í flutningskerfum sífellt vænlegri kost á síðustu árum og sérstaklega sé tekið fram að þetta eigi líka við um Ísland. Almennt megi búast við því að heildarkostnaður við dæmigerðan 120 km jarðstreng við 132 kV og 220 kV spennu í dreifbýli sé á bilinu 4-20% dýrari en sams konar loftlína. Lögð sé áhersla á að einungis sé hægt að gera raunverulegan samanburð á kostnaði jarðstrengja og loftlína með því að taka tillit til líftímakostnaðar og að nauðsynlegt sé að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort jarðstrengur eða loftlína sé hagkvæmari kostur og og ekki sé hægt að leggja almennan mælikvarða til grundvallar við slíkt mat.

Þá vekja aðilarnir athygli á því að í heimsókn sendinefndar áhugamanna frá Íslandi til aðalstöðva franska raforkuflutningskerfisins RTE hafi komið fram að í útreikningum sínum geri fyrirtækið ráð fyrir að núvirtur kostnaður við að leggja jarðstrengi fyrir allt að 400 MW afl í dreifbýli sé jafn á við loftlínur, sbr. Bændablaðið 17. október 2013

Umsögn

Í ákvörðun Orkustofnunar frá 5. desember 2013 kemur eftirfarandi fram varðandi mat á kostnaði: „Hagkvæmni jarðstrengs á Íslandi út frá líftímakostnaði virðist ekki jafn mikil og í öðrum Evrópulöndum, að mati Orkustofnunar, þar sem t.d. orkuverð á Íslandi er lágt en vaxtastig er hátt. Ekki eru forsendur til að áætla að verulegar breytingar verði þar á. Í skýrslu sem lögð var fyrir jarðstrengjanefnd, sem iðnaðarráðherra skipaði, (Lagning raflína í jörðu - greinargerð 2, janúar 2013) er fjallað um jarðstrengi, þ.á.m um líftímakostnað jarðstrengja. Þeir útreikningar staðfesta að verulegur kostnaðarmunur er á jarðstrengjum og loftlínunum á 220 kV spennu, hvort sem litið er til stofnkostnaðar eða líftímakostnaðar.“

Rekstrar og afhendingaröryggi jarðstrengja

Aðilarnir telja það sem fram kemur í matskýrslu Landsnets um að endingartími jarðstrengja sé mun styttri en háspennulína, eða 30-40 ár á móti 50-70 árum, vera ósanna og órökstudda. Halda aðilarnir því fram að í dag sé talið að jarðstrengir geti jafnvel enst lengur en loftlínur, enda sé vel fylgst með hitastigi þeirra. Í skýrslu Matsco sé til að mynda gert ráð fyrir því að nýlegri tegundir jarðstrengja geti enst lengur en í 60

ár og að tölfærði sem gjarnan sé vísað til um styttri líftíma jarðstrengja eigi við um eldri tegundir jarðstrengja. Á sama tíma sé ekki ólíklegt að loftlínur verði rifnar og settar í jörð áður en 60 ára líftíma þeirra yrði náð. Vakin er athygli á því að í erindi Matsco til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 27. febrúar 2014, segir að auðvelt sé að rökstyðja að 60 ára líftími sé varlega áætlaður fyrir núverandi jarðstrengi en að notast við 35 ára líftíma jarðstrengja sé ekki einungis rangt heldur einnig villandi umræðugrundvöllur.

Aðilarnir byggja einnig á því að bilanatiðni hafi reynst töluvert sjaldgæfari í jarðstrengjum en í loftlínunum og að áætlanir geri ráð fyrir því að jarðstrengur bili einungis tvisar á 60 ára líftíma. Í tilviki loftlína sé hins vegar hætt við að tvær loftlínur detti út á sama tíma, t.d. vegna óveðurs. Það sé því líklegra að bilanir í loftlínunum valdi truflunum á raforkuflutningskerfinu en bilanir á jarðstrengjum. Auk þess séu jarðstrengir ekki viðkvæmir fyrir bilunum af völdum skammtíma veðurfarslegra þátta svo sem ísingar, saltmengunar, veðurs og vinda. Lítið sé hins vegar gert úr þessum mikilvæga kosti jarðstrengja í matsskýrslu og þyki það ótrúlegt í ljósi veðurfars hér á landi.

Umsögn

Á bls. 14 í matsskýrslunni er að finna samanburð á bilanatiðni strengja og lína. Fyrir liggur að bæði strengir og línur hafa ákveðna kosti og galla hvað það varðar.

Umhverfisáhrif jarðstrengja

Aðilarnir byggja á því að umfjöllun í matsskýrslu um umhverfisáhrif jarðstrengja og loftlína sé verulega ábótavant, en óumdeilt sé að sjónræn áhrif loftlína séu mun meiri en jarðstrengja. Sýnileiki háspennulína dragi úr aðráttarafli staða og tilfinningu fyrir óspilltri náttúru. Náttúruspjöll á landi með línuvegum og mastrastærðum séu einnig gífurleg og flest óafturkræf. Auk þess hamli háspennulínur mjög landnotkun þar sem helgunarsvæði þeirra sé mikið og svæðið því hvorki nýtilegt til bygginga né áhugavert til útiveru. Hins vegar sé víðast hvar mögulegt að leggja jarðstrengi meðfram öðrum manvirkjum, meðal annars vegum, og ganga frá athafnasvæðinu þannig að mjög lítil ummerki verði eftir strenglagninguna. Þá benda aðilarnir á að áflug fugla sé ekki vandamál við jarðstrengi, en slíkt sé þekkt vandamál við loftlínur.

Aðilarnir taka einnig fram að samkvæmt matsskýrslu fylgi háspennulínunum annars vegar vindgnauð og hins vegar hljóð af rafrænum uppruna. Hin rafrænu hljóð hækka við vaxandi spennu og því augljóst að loftlínur valda truflunum og óþægindum fyrir þá sem eru í nágvi við þessi mannvirki, eins og verið hefur varðandi háspennulínur á Völlunum í Hafnarfirði.

Einnig byggja aðilarnir á því að í umhverfislöggjöf Íslands sé á því byggt að jarðstrengir séu í því tilviki eins og hér um ræðir, umhverfisvænni kostur heldur en loftlínur. Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings raforku með 66kV spennu eða hærri séu þannig í hópi þeirra framkvæmda, sem ávallt séu háðar umhverfismati, sbr. 22. tölul. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þegar hins vegar sé um að ræða flutning raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis um 10km leið eða lengri sé það metið í hverju

tilviki fyrir sig hvort framkvæmd sé háð umhverfismati, sbr. b-lið 3.tölul. 2. viðauka sömu laga.

Hvað varðar jarðrask af völdum jarðstrengja benda aðilarnir á að í matsskýrslu sé enginn reikningslegur samanburður unninn á mögulegu jarðraski af völdum loftlínumannvirkja annars vegar og af völdum jarðstrengs hins vegar. Kanna hefði mátt þann möguleika að leggja línuna meðfram Reykjanesbraut og draga þannig verulega úr eða koma alfarið í veg fyrir allt jarðrask á hrauni. Þá sé það afstaða Umhverfisstofnunar að almennt skuli leggja raflínur meðfram vegum sé þess kostur, sbr. bréf stofnunarinnar frá 28. nóvember 2014.

Einnig víkja aðilarnir að því að nátengd sjónarmiðum um umhverfisleg áhrif séu sjónarmið um neikvæð áhrif loftlína á ferðamennsku.

Umsögn

Fyrir liggur, skv. álitu Skipulagsstofnunar, að óafturkræft rask sé meira vegna lagningar jarðstrengja en loftlína, sbr. m.a. bls. 12 í álitu Skipulagsstofnunar. Áhrifin eru því misjöfn en erfitt að fullyrða að umhverfisáhrif annarrar leiðarinnar séu mun minni en hinnar. Ljóst er þó að sjónræn áhrif loftlína eru þó meiri en lína sem lagaðar eru í jörðu a.m.k. ná þau til stærra svæðis þar sem línurnar sjást langt að.

Skipulagsstofnun telur þó neikvæðustu áhrif framkvæmdanna sjónræn áhrif og áhrif á landslag og að heildaráhrif framkvæmdanna m.t.t. þessara umhverfisþátta séu óhjákvæmilega verulega neikvæð. Rétt er þó einnig að benda á að í álitu Skipulagsstofnunar, vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, kemur jafnframt fram að við lagningu jarðstrengs raskist 4-6 sinnum stærra svæði en við lagningu loftlína. Þá sé erfiðara að fela slóðir meðfram jarðlínunum en loftlínunum. Meiri hætta sé á að raska jarðmyndum með lagningu jarðstrengs og lagning þeirra valdi meiri varanlegum áhrifum en lagning loftlínu.

Einnig kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar um umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar, dags. 25. júní 2009, að sú mótvægisáðgerð að fjarlægja umtalsverðan hluta af eldri háspennulínunum og möstrum sýni kosti þess að leggja loftlínur yfir hraun, frekar en jarðstrengi, þar sem fyrrnefnd áðgerð er mun afturkræfari en sú síðarnefnda hvað varðar spjöll á jarðmyndunum og gróðri. Í þessu sambandi er enn minnt á að hvað varðar þann hluta framkvæmdarinnar sem grenndarkynningin snýr að hefur Landsnet ákveðið að leggja þann hluta línunnar í jörðu.

Aðrir valkostir um línulögn eða framkvæmd

Aðilarnir gera athugasemd við að í matsskýrslu séu ekki lagðir fram aðrir valkostir fyrir Suðurnesjalínu 2 en lagning 220 kV línu með 690 MVA flutningsgetu. Þá sé ekki gert grein fyrir því í matsáætlun hvaða þörf sé til staðar fyrir fyrirhugaðri háspennulínu og ekki gerð tilraun til að tengja þá þörf við fyrirhugaða flutningsgetu. Þannig séu ekki lagðir til aðrir loftlínukostir sem kynnu að hafa minni umhverfisáhrif en gætu þjónað markmiði framkvæmdarinnar. Í matsskýrslu sé ekki skýrt hvers vegna nauðsynlegt sé að byggja 220 kV línu með 690 MVA flutningsgetu né hvort og þá hvers vegna t.d. ekki

sé talið nægilegt að byggja spennulægri línu með lægri flutningsgetu samhliða núverandi línu. Það að flutningsgeta línunnar hafi nú verið lækkuð í 380-470 MVA, án nokkurs sýnilegs rökstuðnings, sýni hversu illa umfang fyrirhugaðrar framkvæmdar hafi verið skilgreint frá upphafi

Aðilarnir telja því að ekki hafi verið sýnt fram á nauðsyn þess að leggjast í svo umfangsmikla framkvæmd. Það reyni meðal annars á hvort sýnt hafi verið fram á nauðsyn framkvæmdarinnar í þeim dómsmálum sem höfðuð hafa verið um lögmæti eignarnámsákvarðana ráðherra. Aðilarnir áréttu því að Hafnarfjarðarbæ sé ekki stætt að veita framkvæmdaleyfi áður en niðurstaða þeirra mála liggi fyrir.

Umsögn

Í ákvörðun Orkustofnunar frá 5. desember 2013 kemur fram að „þó að ekki sé fyrir séð að þörf sé fyrir alla þá flutningsgetu sem felst í Suðurnesjalínu 2, þ.e. 220 kV loftlínu, á allra næstu árum nema til komi orkufrekur iðnaður, ber að hafa í huga að slíkur orkufrekur iðnaður hefur verið pólitískt stefnumarkaður til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum af þar til bærur stjórnvöldum auk aukinnar orkuframleiðslu á Reykjanesi samkvæmt rammaáætlun. Fyrst um sinn verður línan því rekin sem 132 kV lína þar til flutningsgetan eykst. Einnig ber að hafa í huga að þróun byggðar á næstu fjórtíu til sjötíu árum mun leiða til þéttingar byggðar og aukinnar orkuþarfar.“

Varðandi flutningsþörfina bendir Orkustofnun jafnframt á að viðskiptavinir Landsnets séu samkvæmt raforkulögum dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafi leyfi til að stunda viðskipti með raforku. Við uppbyggingu kerfisins sé mikilvægt að litið sé til langtímasjónarmiða með hliðsjón af framtíðarþörfum raforkunotenda og raforkuframleiðenda á svæðinu. Þess vegna sé 132 kV lína óhagstæður kostur.

Líkt og að framan greinir byggja aðilarnir á því að Hafnarfjarðarbæ sé skylt að meta sjálfsætt, með tilliti til ofangreindra athugasemda, hvort umhverfismatið geti talist fullnægjandi grundvöllur fyrir framkvæmdaleyfi framkvæmdarinnar. Í 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga, sem aðilarnir vísa til, kemur fram að við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar skuli sveitarstjórn kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skuli sveitarstjórn taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í athugasemdum frumvarps við framangreint ákvæði kemur fram að þar sem Skipulagsstofnun gefi álit sitt um matsskýrslu framkvæmdaraðila sé skýrslan þar með grundvöllur þess álits og því þyki eðlilegt að sveitarstjórn hafi kynnt sér matsskýrsluna áður en hún tekur afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 er sambærilegt þar sem tekið er fram að tryggja skuli að fullt samræmi sé á milli þeirrar framkvæmdar sem lýst sé í matsskýrslu um framkvæmdaleyfi.

Það liggur því fyrir að sveitarstjórn ber að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Hvílir sú skylda á sveitarstjórn að kynna sér matsskýrsluna og ganga úr skugga um að framkvæmdin sé sú sem lýst er í skýrslunni.

4. Byggt á því að um sé að ræða brot á rétti aðilanna til þátttöku við val á framkvæmdakosti vegna Suðurnesjalínu 2

Aðilarnir vilja vekja athygli á því að brotið hafi verið með alvarlegum hætti gegn rétti þeirra til skilvirkrar þátttöku við val á framkvæmdarkosti við lagningu Suðurnesjalínu 2. Málið hafi fyrst verið kynnt fyrir almenningi þegar náðst hafði niðurstaða milli Landsnets og sveitarfélaganna, en þá hafi aðeins einn valkostur verið kynntur, þ.e. 220 kV loftlína. Byggja aðilarnir á að þetta sé andstætt ákvæðum laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar er áskilið að í tillögu að matsáætlun (fyrsta stigi umhverfismats), sem kynnt er fyrir almenningi, liggi fyrir valkostir um framkvæmdina, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna þar sem beinlínis segir að í tillögu framkvæmdaraðila skuli lýsa „öðrum möguleikum sem til greina koma“.

Þá byggja aðilarnir á því að fram komi í 4. mgr. 6. gr. Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, sem Ísland hefur fullgilt, að sérhver samningsaðili skuli gera ráð fyrir þátttöku almennings snemma í ferlinu þegar allir kostir séu fyrir hendi og um virka þátttöku almennings geti verið að ræða. Einnig sé í þessu sambandi byggt á tilskipun 2003/35/EB sem varðar þátttöku almennings við gerð skipulags- og framkvæmdaáætlana í tengslum við umhverfismál, einkum 2. gr. og 4. mgr. 3. gr., en tilskipunin sé hluti af EES-samningnum. Telja aðilarnir að framangreindar reglur umhverfisréttarins, sem og 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. mgr. 1. gr. 1. samningsviðauka við MSE, veiti þeim ríkan rétt til þátttöku í ákvörðunum um umhverfismál, sem stendur til að taka varðandi eignir þeirra, frá upphafi þegar allir valkostir séu opnir og enn sé mögulegt að hafa áhrif á ákvarðanatöku.

Benda aðilarnir á að umrædd regla tilskipunar 2003/35/EB og Árósasamningsins komi einnig fram í 1. mgr. 8. gr. laganna um mat á umhverfisáhrifum, þar sem mælt sé fyrir um, að þegar um sé að ræða framkvæmd, sem háð sé mati á umhverfisáhrifum, skuli tillaga að matsáætlun, sem almenningur á rétt á að kynna sér og tjá sig um, vera lögð fram „eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er“.

Umsögn

Íslensk löggjöf um umhverfismál, s.s. lög um umhverfismat áætlana, umhverfismat framkvæmda, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, upplýsingarétt í umhverfismálum og ákvæði skipulagslaga um samráð við hagsmunaaðila o.fl. byggja hvað varðar upplýsingaskyldu, samstarf og kæruleiðir á sjónarmiðum og reglum sem fram koma í Áróarsamningnum. Hafa efnisákvæði samningsins verið innleidd í íslensk lög, þ.m.t. ákvæði um samráð og samvinnu við almenning og hagsmunaaðila á öllum stigum undirbúnings framkvæmda. Umræddur Árósasamningurinn var ekki fullgiltur fyrr en 20. október 2011. Innleiðingu ákvæða samningsins um samráð og samvinnu við

almenning hafði þó að mestu verið leiddur í lög nokkru áður. Tilskipun 2003/35/35EB var hins vegar ekki tekinn upp í EES-samninginn fyrr en þann 10. október árið 2012. Umhverfismati lauk árið 2009.

Aðilarnir vísa til 1. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000, en ákvæðið er svo hljóðandi:

„Nú er fyrirhuguð framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og skal framkvæmdaraðili þá gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Í tillögu framkvæmdaraðila skal lýsa framkvæmdinni, framkvæmdasvæði og öðrum möguleikum sem til greina koma og gefa upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skal og vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis lögð verði áhersla, hvaða gögn liggja fyrir og áætlun um kynningu og samráð. Framkvæmdaraðili skal kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun.“

Ef farið er yfir feril málsins fæst ekki betur séð af skoðun gagna en að farið hafi verið að ákvæðum laga um samráð og kynningu við hagsmunaaðila. Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt fyrir almenningi, hagsmunaaðilum og lögbundnum umsagnaraðilum um tveggja vikna skeið, frá 2. desember 2008 til 16. desember 2008, í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Kynning á tillögunni var auglýst í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu, Víkurfréttum, Fjarðarpóstinum, Suðurglugganum og Mosfelling. Tillagan var aðgengileg á vef verkefnisins www.sudvesturlinur.is, á vefsíðu Landsnets, www.landsnet.is og EFLU, www.efla.is. Í kafla 2.2 í tillögu að matsáætlun, dags. 23. janúar 2009 er jafnframt að finna umfjöllun um línuleiðir og valkosti. Frummatsskýrsla vegna framkvæmdarinnar sem hér um ræðir var send Skipulagsstofnun þann 18. maí 2009. Var hún auglýst til kynningar frá 20. maí – 20. júlí 2009. Auk framangreinds er gert grein fyrir framkvæmdinni og samanburði valkosta í umhverfisskýrslu vegna breytinga á aðalskipulagi 2009, sem unnin var vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 2005-2025, í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Með vísan til framangreinds verður ekki betur séð en að gætt hafi verið að samráði í samræmi við ákvæði íslenskra laga sem gilda um framkvæmdina. Með vísan til þess er ekki hægt að sjá annmarka á undirbúningi framkvæmdarinnar að þessu leyti sem leitt geti til þess að hafna eigi útgáfu framkvæmdaleyfis.

B. Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, dags. 4. apríl 2015

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands gera alvarlegar athugasemdir við áætlanir Landsnets sem kynntar voru við grenndarkynningu á Suðurnesjalínu 2 í Hafnarfirði. Samtökin mótmæla því að reistar verði háspennulínur í svo mikilli nálægð við byggð, yfir ósnortið hraun og á vatnsverndarsvæði í mikilli nálægð við brunnsvæði vatnsverndar og á hverfisverndarsvæði. Samtökin benda á að ná mætti markmiðum framkvæmdarinnar með lagningu jarðstrengja með vegum alla línuleiðina í sátt við íbúa

og náttúruunnendur. Samtökin leggja til að Hafnarfjarðarbær geri þegar í stað kröfu um að Suðurnesjalína 2 verði lögð í jörð með vegum sem og allar raflínur innan bæjarins. Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands eru eftirfarandi:

1. Byggt á því að ekki nægi að grenndarkynna framkvæmdina heldur beri að deiliskipuleggja það svæði sem um ræðir

Samtökin byggja á því að framkvæmdaleyfi samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sé liður í umhverfismati og þau beri að skýra með hliðsjón af 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/92/ESB og 6. gr. Árósasamningsins. Því nægi ekki að grenndarkynna framkvæmdina heldur beri að deiliskipuleggja það svæði um ræðir.

Umsögn

Fyrirhuguð línuframkvæmd eru í meginatriðum í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025. Fjallað er um framkvæmdirnar í aðalskipulaginu. Tekið er fram að umhverfisskýrsla aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025 sé áfram fylgirit endurskodaðs aðalskipulags. Í umhverfisskýrslu aðalskipulags Hafnarfjarðar frá 16. október 2009 – breyting vegna „Suðvesturlína, styrkingu raforkuflutnings á Suðvesturlandi“ er gerð ítarleg grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og áhrif þeirra á umhverfið. Líta verður svo á að sú skýrsla sé hluti hinnar. Í ljósi þess að tengivirki hefur ekki verið reist í Hrauntungum þarf að tengja línuna við spennivirkið í Hamranesi. Megin ástæða grenndarkynningarinnar mun hafa verið sú að gert var ráð fyrir að sú bráðabirgðatenging yrði í loftlínunum. Landsnet hefur nú ákveðið að leggja ekki bráðabirgðaloftlínu að Hamranesi heldur mun Suðurnesjalína 2 tengjast Hamranesi í jarðstreng frá Hraunhelli sem síðar mun tengja saman Hamranes og Hrauntungur. Í þéttbýli innan Hafnarfjarðarbæjar verður línun því lögð í jarðstreng, innan línustæðis skv. aðalskipulagi, sem mun minnka verulega sjónræn áhrif framkvæmdarinnar innan þéttbýlisins og önnur grenndaráhrif frá línunni s.s. suð. Sú breyting samræmist meginforsendum gildandi aðalskipulags um umhverfismál og náttúruvernd. Ekki er hægt að taka undir að framkvæmdin stangist á við meginmarkið aðalskipulagsins enda er beinlínis gert ráð fyrir línunni í skipulaginu.

Almennt er ekki þörf á að grenndarkynna framkvæmdina þar sem hún er í samræmi við aðalskipulag og liggur utan þéttbýlisins. Grenndarkynningin er eingöngu gerð vegna þess hluta línunnar sem liggur um þéttbýlissvæði í Hafnarfirði til að gefa hagsmunaaðilum þar tækifæri á að tjá sig um umsóknina á því svæði. Að stærstum hluta er um að ræða svæði sem skipulagt er fyrir atvinnustarfsemi en hluti línunnar, sem er liggur austan Ásbrautar, liggur þó sunnan við íbúðarhverfið á Völlum.

Um grenndarkynningu er fjallað í 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

„Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Að auki skal sveitarstjórn leita umsagna viðeigandi umsagnaraðila áður

en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis. [Um grenndarkynningu fer skv. 44. gr. með þeim undantekningum sem þar eru tilgreindar. Heimilt er að falla frá grenndarkynningu ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulagi.]¹⁾“

Það er því alveg skýrt að heimilt er að grenndarkynna framkvæmdaleyfi sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun. Þar sem um er að ræða línumannvirki er ekki horft til byggðamynsturs eða þéttleika byggðar. Línan liggur um svæði sem er á milli hverfa og er sérstaklega skipulagt skv. aðalskipulagi sem svæði fyrir línur bæði loftlínur og jarðstrengi. Svæðið er ekki deiliskipulagt þó deiliskipulag sé af þeim svæðum sem liggja að línustæðinu innan þéttbýlisins og gert er ráð fyrir byggð á. Taka þessi skipulög mið af því að á svæðinu muni standa og liggja háspennulínur. Um grenndarkynninguna sjálfa skal þá fara skv. ákvæðum 44. gr. skipulagslaga.

Í 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga segir:

[Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi getur skipulagsnefnd ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar, enda fari áður fram grenndarkynning.]¹⁾

Sú takmörkun á heimild til grenndarkynningar, sem aðilarnir vísa til og fram kemur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 772/2012, þ.e. að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum umhverfisáhrifum, á eingöngu við um þann framkvæmdarinnar sem er í „þegar byggðu hverfi í þéttbýli“ enda er það eini hluti framkvæmdarinnar sem er grenndarkynntur. Það á ekki við um stærstan hluta þeirra framkvæmda sem framkvæmdaleyfið snýr að. Að því er varðar þann hluta framkvæmdanna sem er innan byggðar þá kemur fram í umhverfisskýrslu aðalskipulags – breyting vegna „Suðvesturlína, styrkingu raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi“ að samkvæmt niðurstöðum umhverfismatsins séu framkvæmdirnar innan byggðar taldar hafa talsvert jákvæð áhrif á landslag og sjónræna þætti en óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti (sjá m.a. bls. 25 í umhverfisskýrslunni). Til viðbótar framangreindu hefur Landsnet nú ákveðið að leggja þann hluta línunnar í jörðu eins og rakið var. Grenndaráhrif hennar verða því enginn innan byggðarinnar þ.e. þess svæðis sem grenndarkynningin snéri að. Auk framangreinds verður ekki séð að gerð deiliskipulags af framkvæmdasvæðinu myndi bæta neinu við um stýringu á framkvæmdinni eða skipulag svæðisins eða svæðanna í kring umfram það sem kemur fram í aðalskipulaginu. Deiliskipulag af svæðinu er því þarflaust.

Að því er varðar tilskipun 2011/92/ESB og möguleika almennings á að taka þátt í umræddri ákvörðun hefur umrædd framkvæmd gengið í gegnum ítarlegt ferli skv. ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, nr. 106 frá 2000, þar sem hagsmunaðilum og almenningi hefur gefist tækifæri á að koma að umhverfismati framkvæmdarinnar. Í ljósi þess að ekki hefur verið talin þörf á að vinna deiliskipulag fyrir framkvæmdina hefur hún eingöngu verið grenndarkynnt fyrir þeim sem eiga

beinna hagsmuna að gæta. Gögnin hafa verið aðgengileg á heimasíðunni sudvesturlinur.is auk þess sem Hafnarfjarðarbær hefur tekið við athugasemdum allra þeirra sem sent hafa inn athugasemdir vegna málsins. Í ljósi framangreinds verður ekki fallist á að brotið hafi verið gegn ákvæðum Árórsarráðsins um aðgang að upplýsingum eða þátttöku í umhverfismálum.

2. Byggt á því að samkomulag Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets frá ágúst 2009 sé ólöglegt

Samtökin byggja á því að samkomulag Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets frá ágúst 2009 hafi hindrað þátttöku almennings til réttlátrar málsmeðferðar þar sem allir kostir væru upp á borðum, meðal annars við umhverfismat framkvæmdarinnar. Samkomulagið hafi þar af leiðandi verið ólöglegt og orðið til þess að umhverfismatið sé einnig ólöglegt þar sem búið hafi verið að semja um ákveðna kosti fyrirfram. Það sama eigi við um viðauka við samkomulagið frá 25. október 2012, sem hindraði aðkomu almennings í umsagnarferli að aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Umsögn

Umrætt samkomulag við Landsnet var gert á grundvelli þágildandi Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025 og í samræmi við það. Samkomulagið takmarkaði ekki aðkomu almennings að þeim ákvörðunum sem þar voru teknar. Samkomulagið var gert í ágúst 2009 þ.e. eftir að málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna var svo gott sem lokið þ.e. skilað hafði verið inn endanlegri matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 10. ágúst 2009 og loka hluti þeirrar málsmeðferðar eingöngu eftir. Málsmeðferð vegna umhverfismats framkvæmda var heldur ekki á vegum Hafnarfjarðarbæjar og því fæst ekki séð að umrætt samkomulag hafi getað haft áhrif á niðurstöðu umhverfismatsins.

Hvað varðar viðaukann við samkomulagið frá 2012 þá breytir hann að mati undirritaðs ekki framangreindu enda í raun bara um að ræða yfirlýsingar hvors aðila um sig vegna samkomulagsins m.a. um af hverju framkvæmdir hafi ekki gengið eftir o.s.frv.

Að öðru leyti er vísað til þess sem rakið er að framan í umsögn um athugasemdir Lex um samráð við hagsmunaaðila.

3. Byggt á því að áætlanir Landsnets uppfylli ekki skilyrði raforkulaga

Samtökin vísa í 1. gr. raforkulaga þar sem kveðið er á um að markmið laganna sé að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og að samkvæmt 9. gr. laganna skuli meðal annars byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Samtökin vísa til þess að bráðabirgðaháspennulínur sem áætlað sé að leggja í jörð innan fárra ára séu ekki hagkvæmar heldur væri hagkvæmara að leggja raflínurnar strax í jörð. Einnig sé óþarfi að byggja nýtt tengivirki í Hrauntungum fyrir marga milljarða, auk þess sem tengibúnaður milli jarðstrengja og loftlína kalli á aukinn kostnað og sýnileika.

Umsögn

Landsnet hefur tekið ákvörðun um að leggja ekki bráðabirgðaloftlínu að Hamranesi heldur ráðast þegar í stað í lagningu jarðstrengs á kaflanum frá Hraunhelli að tengivirkinu sem síðar nýtist sem tenging á milli Hamranestengivirkisins og nýs tengivirkis í Hrauntungum.

Það er í sjálfu sér ekki hlutverk Hafnarfjarðarbæjar að leggja mat á þörf eða hagkvæmni línumannvirkja Landsnets heldur félagsins og Orkustofnunar. Um mat á hagkvæmni má einnig benda á eftirfarandi umfjöllun í ákvörðun Orkustofnunar frá 5. desember 2013: „Hagkvæmni jarðstrengs á Íslandi út frá líftímakostnaði virðist ekki jafn mikil og í öðrum Evrópulöndum, að mati Orkustofnunar, þar sem t.d. orkuverð á Íslandi er lágt en vaxtastig er hátt. Ekki eru forsendur til að áætla að verulegar breytingar verði þar á. Í skýrslu sem lögð var fyrir jarðstrengjanefnd, sem iðnaðarráðherra skipaði, (Lagning raflína í jörðu - greinargerð 2, janúar 2013) er fjallað um jarðstrengi, þ.á.m um líftímakostnað jarðstrengja. Þeir útreikningar staðfesta að verulegur kostnaðarmunur er á jarðstrengjum og loftlínunum á 220 kV spennu, hvort sem litið er til stofnkostnaðar eða líftímakostnaðar.“

4. Raforkuflutningsþörf

Samtökin byggja á því að 220 kV Suðurnesjalína 2 sé langt umfram raforkuflutningsþörf samkvæmt raforkuspá Orkuspárnefndar.

Umsögn

Í ákvörðun Orkustofnunar frá 5. desember 2013 um að veita Landsneti hf. leyfi til að reisa og reka flutningsvirkið Suðurnesjalínu 2 kemur fram að „þó að ekki sé fyrirséð að þörf sé fyrir alla þá flutningsgetu sem felst í Suðurnesjalínu 2, þ.e. 220 kV loftlínu, á allra næstu árum nema til komi orkufrekur iðnaður, beri að hafa í huga að slíkur orkufrekur iðnaður hefur verið pólitískt stefnumarkaður til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum af þar til bærum stjórnvöldum auk aukinnar orkuframleiðslu á Reykjanesi samkvæmt rammaáætlun. Fyrst um sinn verður línan því rekin sem 132 kV lína þar til flutningsgetan eykst. Einnig ber að hafa í huga að þróun byggðar á næstu fjórtíu til sjötíu árum mun leiða til þéttingar byggðar og aukinnar orkuþarfar.“

Varðandi flutningsþörfina bendir Orkustofnun jafnframt á að viðskiptavinir Landsnets séu samkvæmt raforkulögum dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafi leyfi til að stunda viðskipti með raforku. Við uppbyggingu kerfisins sé mikilvægt að litið sé til langtímasjónarmiða með hliðsjón af framtídarþörfum raforkunotenda og raforkuframleiðenda á svæðinu. Þess vegna sé 132 kV lína óhagstæður kostur.

5. Athugasemd vegna Samkomulags Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets

Samtökin benda á að í samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets frá 25. ágúst 2009 sé kveðið á um að "reynt verði að fylgja í hvívetna þeim markmiðum sem sett séu fram í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, m.a. með tengivirkjum og jarðstrengjum þar sem því verði við komið. Samtökin telja að mjög auðvelt væri að leggja allar núverandi og fyrirhugaðar raflínur í jörð með vegum innan Hafnarfjarðar og alla leið til Njarðvíkur. Einnig vísa samtökin í 6. gr. samningsins þar sem Hafnarfjörður gerði fyrirvara um að ef forsendur breytist, m.a. vegna tæknilegra lausna, verði viðræður teknar upp um endurmat á forsendum þess að leggja raflínu í lofti í álverið. Samtökin byggja á því að þörf fyrir 470 MVA raflínu sem kalla á bráðabirgðaloftlínur sé ekki til staðar og að þær gríðarlegu tæknilegu framfarir og lægri kostnaður við jarðstrengi sem orði hafa á síðustu árum og reynsla af jarðstrengjum erlendis gefi fulla ástæðu til endurmats umræddra framkvæmda.

Umsögn

Sjá umsögn við lið nr. 3.

Að auki er bent á að gildandi aðalskipulag Hafnarfjarðar gerir ráð fyrir Suðurnesjalínu 2 sem loftlínu frá tengivirkinu í Hrauntungum sem og álverslínunum. Þá má benda á að fyrir liggur, skv. álit Skipulagsstofnunar, að óafturkræft rask sé meira vegna lagningar jarðstrengja en loftlína, sbr. m.a. bls. 12 í álit Skipulagsstofnunar. Finna má samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum m.a. í tillögu að matsáætlun og matsskýrslunni sjálfri og álit Skipulagsstofnunar um framkvæmdina.

6. Athugasemd við að kerfisáætlun Landsnets geri ekki ráð fyrir breytingum á Hamraneslínunum eða Ísallínunum

Samtökin gera athugasemd við að í kerfisáætlun Landsnets 2014-2023 sé ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við aðrar línulagnir á suðvesturlandi en Suðurnesjalínu 2. Á þessu tímabili standi því hvorki til að færa Hamraneslínur 1 og 2 eða Ísallínur og því sé ekki forsenda fyrir Hafnarfjarðarbæ að veita Landsneti afslátt af kröfum um að leggja allar línur innan bæjarmarkanna þegar í stað í jörð.

Umsögn

Umsótt framkvæmdaleyfi snýr eingöngu að Suðurnesjalínu 2. Hefur Landsnet ákveðið að leggja þann hluta línunnar sem er nálægt byggð í jörðu og mun framkvæmdaleyfi byggja á því. Hluti af svokölluðum suðvesturlínunum er niðurrif Hamraneslína og bygging nýrra lína við hlið núverandi Búrfellslínu, Sandskeiðslína 1, að tengivirkinu í Hrauntungum. Varðandi aðrar línur þá hefur Sveitarfélagið átt í viðræðum við Landsnet um færslu þeirra og breytingar á tengivirkinu í Hamranesi. Liggja fyrir drög að samkomulagi þar um. Aðlaga þarf kerfisáætlun að slíku samkomulagi náist slíkt samkomulag. Krafa um að leggja allar línur í jörðu myndi kalla á breytta stefnu og breytingar á gildandi aðalskipulagi.

6. Athugasemd vegna ágreinings um lögmæti leyfis Orkustofnunar

Samtökin benda á að þau hafi ásamt Landvernd kært leyfisveitingu Orkustofnunar fyrir Suðurnesjalínu 2 til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, en einnig hafi landeigendur í Vogum kært leyfisveitinguna til dómstóla. Samtökin gera kröfu um að beðið sé niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og dómstóla áður en framkvæmdaleyfi verður veitt.

Umsögn

Þau dóms- og kærur mál sem rakin eru í greindri athugasemd leiða ekki til frestunar réttaráhrifa þeirra ákvarðana/leyfa sem þar um ræðir, sbr. meginreglu 2. másl. 60. gr. stjórnarskrárinnar og 29. gr. stjórnarsýslulaga. Alla jafna þarf sérstaka heimild í lögum ef kærur eða málshöfðun eiga að fresta framkvæmd ákvörðunar. Hafnarfjarðarbæ ber því að byggja á umræddum leyfum.

7. Byggt á því að framkvæmdin hafi ekki sætt umhverfismati áætlana

Samtökin byggja á því að þar sem Suðurnesjalína 2 hafi ekki sætt umhverfismati áætlana áður eða samhliða því að umhverfismat framkvæmdar fór fram sé undirbúningur framkvæmdarinnar í heild ólöglegur og beri Hafnarfjarðarbæ því að stöðva meðferð málsins og fella það niður. Þá sé umhverfismat Suðvesturlína einnig ólöglegt vegna samkomulaga Landsnets við sveitarfélögin á línuleiðinni sem hindraði aðkomu almennings að réttlátri málsmeðferð og að aðrir valkostir en sá sem samið hafði verið um, svo sem jarðstrengir, væru teknir til raunverulegrar skoðunar.

Umsögn

Samkvæmt 3. gr. laga um umhverfismat áætlana gilda ákvæði laganna um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana er tekið fram að ákvæði laganna eigi við um alla áætlanagerð sem háð sé umhverfismati. Þannig beri að umhverfismeta skipulagsáætlanir sveitarfélaga, þ.e. deiliskipulags-, aðalskipulags- og svæðisskipulagstillögur, og ýmsar aðrar áætlanir opinberra aðila sem varða landnotkun, svo sem samgönguáætlun og skógræktar- og landgræðsluáætlanir.

Gildandi aðalskipulag Hafnarfjarðar frá 2013-2025 er í raun endurskotið aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025, en ekki þótti þörf á að vinna nýtt aðalskipulag frá grunni, heldur færa ýmsa þætti þess að breyttum aðstæðum. Ný umhverfisskýrsla var unnin fyrir þær breytingar sem leiddu af endurskoðuninni í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Að öðru leyti gilda þær umhverfisskýrslur sem unnar hafa verið vegna aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025 og breytinga á því. Sú breyting sem gerð var á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2009 vegna Suðvesturlína sætti umhverfismati samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana. Umhverfisskýrsla var unnin vegna breytinganna á aðalskipulaginu 2009, í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Í

umhverfisskýrslunni er ítarlega gert grein fyrir áhrifum línuframkvæmdanna á umhverfið. Að því er varðar Hafnarfjarðarbæ hafa áformin um Suðvesturlínur því sætt umhverfismati áætlana samkvæmt lögum nr. 105/2006. Hvað varðar lögmæti umhverfismatsins m.t.t. samninga annarra sveitarfélaga þá er Hafnarfjarðarbær ekki í stöðu til að meta gildi eða áhrif þeirra á umhverfismat framkvæmdanna. Efist athugasemdaaðilar um gildi umhverfismatsins á grundvelli slíkra sjónarmiða verða þeir að láta á gildi þess og afleiddra ákvarðanna reyna fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála eða dómstóla. Hafnfjarðarbær er vart til þess bær að úrskurða þar um.

C. Hörður Einarsson hrl. f.h. Reykjavíkur ehf. dags. 5. apríl 2015

Reykjavent ehf., Síðumúla 14, 108 Reykjavík, kt. 700366-0149, er einn af eigendum Heiðarlands Vogajarða, 190 Vogum, (landnúmer 206748), en Suðurnesjalína 2/Suðvesturlínur um land jarðarinnar. Þá er bent á að Reykjavent sé hluti af almenningi.

1. Umhverfismat kerfisáætlunar hafi ekki farið fram

Telur undirbúning máls þessa og meðferð haldna verulegum annmörkum. Þegar farið var út í umhverfismat (framkvæmdarmat) Suðvesturlína á árinu 2009 hafði framkvæmdin ekki verið metin samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Meta hefði átt Suðvesturlínur sem hluta af kerfisáætlun Landsnets. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafi með úrskurði 21. maí 2013 kveðið á um að kerfisáætlun Landsnets félli undir gildissvið laganna. Er vísað til þess að úrskurður ráðuneytisins sé í samræmi við dóma ESB-dómstólsins í nokkrum málum, sem dómstóllinn hefur fellt um þessi efni. Beri Hafnarfjarðarbæ því að stöðva meðferð málsins og fella það niður.

Umsögn:

Vísað er til umsagnar um athugasemd 3.1 í athugasemd frá Lex lögmannsstofu.

2. Umhverfismat Suðvesturlína frá 2009 var haldið margvíslegum annmörkum.

Haldið er fram að umhverfismat Suðvesturlína 2009 hafi verið haldið ótalmörgum verulegum annmörkum og er í því sambandi vísað til bréfa LEX lögmannna f.h. ýmissa landeigenda í Sveitarfélaginu Vogum og fylgdu. Þeir annmarkar, sem bent er á í umræddum bréfum væru svo verulegir að þeir valdai ógildingunni matskýrslu Landsnets og áliti Skipulagsstofnunar í málinu.

Umsögn:

Vísað er til umsagnar um athugasemd 3 frá Lex lögmannsstofu.

3. Telja grenndarkynningu ófullnægjandi málsmeðferð á umsókn Landsnets

Að grenndarkynning á máli þessu feli í sér ófullnægjandi meðferð á umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi. Auðvitað beri að gæta þess, að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins. Þar sem um meiriháttar framkvæmd sé að

ræða væri réttara að deiliskipuleggja fremur en grenndarkynna umsókn. Verra sé þó að að Hafnarfjarðarbær hafi við meðferð málsins vanrækt umhverfismatshlutverk sitt, eins og reyndar fleiri sveitarfélög hafa gert (Reykjanesbær, Grindavík, Sveitarfélagið Vogar) og fari ekki með málið sem hluta af umhverfismati, svo sem skylt er að lögum, sbr. lög nr. 106/2000, eins og þau lög ber að skýra með hliðsjón m.a. af 2. – 6. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/92/ESB og 6. gr. Árósasamningsins.

Meðferð Hafnarfjarðarbæjar á málinu virðist fyrst og fremst hafa beinst að því að fá breytt gömlum samningum við Landsnet. Umhverfisskyldur bæjarins séu víðtækari en svo, að þær einskorðist við þessa samninga eða séu að lögum yfirleitt nokkurt samningsatriði við Landsnet. Landnet hafi ekki neitunarvald í umhverfisverndarmálum.

Tilfni sé að leita til Skipulagsstofnunar á nýjan leik og kynna henni athugasemdirnar og spyrjast fyrir um það, hvort stofnunin sé örugglega þeirrar skoðunar, að umrædd grenndarkynning sé fullnægjandi málsmeðferð. Einnig geta bæjaryfirvöld leitað álits og/eða leiðbeiningar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í málinu, sbr. 12. gr. laga (einkum 3. mgr.) um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011, en ráðuneytið lætur sig málsmeðferð við umhverfismat framkvæmda miklu varða.

Þá er gerð athugasemd við að grenndarkynningunni sé ábótavant út af fyrir sig. Ekkert er vitað um það að hverjum kynningin beinist, hverjir taldir eru vera hagsmunaaðilar og hvernig tryggt er, að hagsmunaaðilar geti nýtt athugasemdarétt sinn.

Umsögn:

Vísað er til umsagnar um athugasemd 1 frá Lex lögmannsstofu. Hvað varðar umfang grenndarkynningarinnar þá var henni beint að öllum hagsmunaaðilum í nágrenni línunnar í þéttbýli sveitarfélagsins enda tilgangur grenndarkynningar að kynna áformin fyrir þeim sérstaklega vegna nálægðar og mögulegra grenndaráhrifa. Ekki er litið á athugasemdaaðila sem hagsmunaaðila innan Hafnarfjarðar enda verður ekki séð að hann eigi lögvarða hagsmuni af framkvæmdinni innan sveitarfélagsins.

4. Athugasemdir þeirra séu ekki einskorðaðar við þessar athugasemdir

Vísa til þess að athugasemdir séu ekki einskorðaðar við þær athugasemdir sem sendar hafa verið Hafnarfjarðarbæ.

Umsögn:

Athugasemdin kallar ekki á sérstaka umsögn.